

## LÖG

**um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar (framlag í lífeyrissjóði).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað „8%“ í 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: 11,5%.

### II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.**

2. gr.

2. málsl. d-liðar 5. gr. laganna orðast svo: Ábyrgðin takmarkast við 15,5% af iðgjaldsstofni skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 2. og 9. gr. sömu laga, og ákvæði í kjarasamningum.

### III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað „8%“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 11,5% mótframlag.

### IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum.**

4. gr.

Í stað „8%“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 11,5%.

V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, með síðari breytingum.**

5. gr.

Í stað „8%“ í 1. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: 11,5%.

VI. KAFLI

**Gildistaka.**

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

*Gjört í Reykjavík, 18. desember 2018.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ásmundur Einar Daðason.*